

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra
vegna Hamragarða/Seljalandsfoss.

Skipulagsstofnun staðfesti 14. febrúar 2019 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024, sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. janúar 2019.

Í breytingunni felst annars vegar stækkun og afmörkun 90 ha afþreyingar- og ferðamannasvæðis (AF-453) í stað landbúnaðarsvæðis við Hamragarða og Seljalandsfoss. Hins vegar er gerð breyting á legu Þórsmerkurvegur nr. 249, sem færir til vesturs að varnargörðum við Markarfljót á kafla frá Þjóðvegi nr. 1 að Gljúfurá. Núverandi vegur verður þó áfram aðkomuleið að skógræktarsvæði (SL-411). Jafnframt er legu göngu- og reiðleiða á svæðinu breytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 14. febrúar 2019.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.